



Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir – Framboð til formanns MATVIS

Ég bý með sambýlismanni mínum og 12 ára dóttur okkar í Kópavogi, en kem upphaflega frá Arnarstapa á Snæfellsnesi, þar sem foreldrar mínir ráku ferðaþjónustu og veitingahús Leiðin lá í höfuðborgina þegar grunnskóli var búin arið 1989 og var þar MR fyrir valinu.

Veitingabakterían var þó komin í blóðið, og eftir að hafa unnið nokkur ár á hinum ýmsu stöðum lá leið mín í Hótel og matvælskólann þar sem ég útskrifaðist sem sveinn í framreiðslu 1998 og síðar meistari.

Ég hef unnið við fagið síðan þá og starfa nú sem forstöðumaður veitingasviðs hjá Center Hotels.

Trúnaðarstörf fyrir MATVIS hafa átt stóran þátt í lífi mínu síðan snemma árs 2011, sem trúnaðarmaður á vinnustað. Árið 2013 bauð ég fram krafta mína og hef ég setið í stjórn MATVIS síðan þá. Seint á árinu 2013 var ég kosin inn í stjórn lífeyrissjóð okkar Stafa (nú Birtu), og sit þar nú sem varamaður. Árið 2014 stóðst ég próf hjá FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Í kjölfarið á því fór ég í HR í bókhald og rekstur til að kynna mér betur rekstur fyrirtækja og lauk þar nokkurum námskeiðum.

Ég hef tekið virkan þátt í hinum ýmsu verkefnum sem á borð okkar í MATVIS hafa komið og má þar helst nefna mikið áhugamál mitt. „Endurskoðun á lögum um veitingastaði , gististaði og skemmtanahald „ sem við lögðum mikla vinnu í árið 2016. Einnig hef ég tekið þátt í ráðstefnum og kynningum á vegum Nordisk Union er varða kjör og starfsumhverfi okkar.

Það er mér mikið kappsmál að gjaldfella ekki menntun okkar sem störfum í matvælagreininum, en mikið hefur dunið á sl. ár með ört vaxandi ferðamannafjölda og miklum fjölda veitingastaða sem marga vantar faglært fólk bæði í sal og elhús. Þetta er að mínu mati eitt af því mikilvægasta sem MATVIS á að leggja áherslu á að skoða , ásamt því að halda faggreininum okkar áfram í fremstu röð eins og undanfarin ár.

Með von um góðan stuðning og að allir félagsmenn MATVIS noti atkvæðarétt sinn.

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir.